



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. desember 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um framferði kínverskra yfirvalda gagnvart tíbesku þjóðinni. 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 471 – 395. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur fengið ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar.

MRSÍ fagnar tillögunni þar sem full ástæða er til þess að stjórnvöld geri það sem í þeirra valdi stendur til þess að stöðva þau mannréttindabrot sem framin hafa verið í Tíbet undanfarin ár.

Kína er aðili að flestum alþjóðasamningum Sameinuðu þjóðanna (CAT, CCPR (aðeins undirritað ekki fullgilt) CEDAW, CERD, CESC, CPD, CRC) og hefur samkvæmt þeim ýmsar alþjóðlegar skyldur.

Kínversk stjórnvöld hafa í aðgerðum sínum til að berjast gegn aðskilnaði og til að viðhalda, að þeirra sögn, allsherjarreglu, brotið á rétti tíbeskra borgara til tjáningarfrelsis, trúfrelsis, ferðafrelsis, aðgangs að réttlæti og rétti þeirra til eigin menningar. Hversu málefnalegt sem markmið kann að virðast skal þó ávallt gæta meðalhófs og því verður Kínverjum ekki talið heimilt að nota aðferðir sem augljóslega ganga of langt í því að takmarka grundvallarmannréttindi tíbesku þjóðarinnar. Kínversk stjórnvöld hafa enn fremur verið treg til þess að hleypa alþjóðlegum eftirlitsmönnum inn í Tíbet svo gefa megí hlutlausu mynd af ástandinu þar og aðgerðum kínverskra stjórnvalda.

Eftirlitskerfi Sp hafa ítrekað sent kínverskum stjórnvöldum heimsóknarbeiðnir en þær hafa ekki hlotið jákvæðar viðtökur. Meðal þeirra sem sent hafa slíka beiðni er sérstakur fulltrúi (special rapporteur) fyrir trú- og sannfæringafrelsi. Við alþjóðlega reglulega úttekt Sp (UPR) hétu kínversk stjórnvöld því að bæta samvinnu sína við eftirlitsfulltrúa Sp en það hefur ekki orðið raunin. Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sp, hefur hvatt kínversk stjórnvöld til að virða skuldbindingar sínar og vinna með sérstöku fulltrúum Sp.

Pillay sagði einnig; „samfélagslegum stöðugleika í Tíbet verður ekki náð með mikilli öryggisvörslu og bælingu mannréttinda, taka verður á undirliggjandi vandamálum og hvet ég kínversk stjórnvöld til að



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

líta til þeirra heilræða sem beint var að þeim í UPR yfirferðinni ásamt því að þiggja aðstoð og ráð sérstakra fulltrúa Sp.”¹

MRSÍ vill ítreka að varðveisla og vernd allra þjóðernishópa og menningar þeirra er hluti af því að stuðla að eflingu mannréttinda í heiminum, efla baráttu gegn fordómum og því að auka virðingu fyrir fjölbreytileika jarðarbúa, menningu og tungumálum. Því styður MRSÍ þessa þingsályktunartillögu heilshugar, því stjórnvöld eiga að grípa hvert tækifæri sem gefst til þess að berjast fyrir mannréttindum, ekki aðeins borgara sinna heldur allra jarðarbúa.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur

¹ <http://www.ohchr.org/EN/NewsEvents/Pages/DisplayNews.aspx?NewsID=12729&LangID=E>